

Nd.

59. Nefndarálit

[16. mál]

um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir verðjöfnunargjaldi af raforku eins og það hefur verið á lagt og tillaga er gerð um að áfram verði. Teljum við skattheimtu af raforkusölu orðna meiri en góðu hófi gegnir, en slík skattheimta kemur ekki sist illa við íslenskan iðnað. Raforkukostnaður er mikill þáttur í rekstrar-kostnaði margra iðnfyrirtækja. Þessi mikla skattlagning skerðir samkeppnisaðstöðu þeirra gagnvart iðnaði annarra landa, sem íslenskur iðnaður þarf að keppa við.

Ýmis fleiri rök mæla gegn verðjöfnunargjaldinu, sem nánari grein verður gerð fyrir í umræðum, en benda má á, að Samband ísl. rafveitna hefur eindregið lagst gegn þessu gjaldi svo og borgarstjórn Reykjavíkur.

Við teljum að vanda Rafmagnsveitna ríkisins eigi að leysa á annan hátt en með slíku gjaldi. Eðlilegast er að skilja á milli félagslegra framkvæmda RARIK og arðbærra framkvæmda og að ríkissjóður standi undir fyrrnefndu framkvæmdunum með óafturkræfum framlögum. Á sama hátt þarf að greiða úr miklum og þungbærum skuldum fyrirtækisins. Með slíkum aðgerðum mætti tryggja æskilega jöfnun á raforkuverði og koma í veg fyrir hallarekstur fyrirtækisins.

Vegna hinna sérstöku aðstæðna í íslenskum stjórnámálum í dag, sem m. a. hafa í för með sér óvissu um afgreiðslu fjárlaga, viljum við ekki hefta framgang þessa máls að þessu sinni, enda yrði fjárhag RARIK og Orkubús Vestfjarða með því stefnt í óvissu. Við munum því ekki greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 20. des. 1979.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
frsm.

Jósef H. Þorgeirsson.

Guðm. G. Þórarinnsson.

Friðrik Sophusson.